Sjávarútvegsráðherra situr á milljörðum

Eftir Örn Pálsson

Þann 4. mars sl. var haldinn fundur í stjórn Landssambands smábátaeigenda. Meðal þess sem þar var til umræðu var þröng kvótastaða í þorski og alvarlegar afleiðingar af þeim sökum.



Örn Pálsson

Þorskur um allan sjó

Þrátt fyrir að þorskkvótinn nú sé 23 þúsund tonnum hærri en í fyrra, dynur kvótaleysi fyrr á. Mikil ótíð frá byrjun nóvember 2014 fram í febrúar í fyrra kom í veg fyrir veiðar langtímum saman. Á yfirstandandi fiskveiðiári hefur veður hins vegar verið eins og í eðlilegu ári – gæftir með þokkalegasta móti. Þá blasir við „lúxusvandamál"; alls staðar þorskur, ekki hægt að forðast hann við veiðar á öðrum tegundum. Fiskveiðiárið rétt hálfnað þegar þorskveiðiheimildir margra báta eru langt komnar eða uppurnar. Það kallar á að nauðsynlegt er að leigja til sín kvóta. Leggja inn tilboð og freista þess að fá leigt. Þrátt fyrir að aðilar teygi sig upp fyrir afkomumörk, fæst enginn kvóti. Líklegasta skýringin er sú að svigrúm flestra leyfir ekki að láta frá sér þorsk. Samkvæmt lögum um umgengni um nytjastofna sjávar er óheimilt að hefja veiðiferð ef viðkomandi hefur ekki aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í veiðiferðinni. Það verður að hafa þorsk þar sem hann veiðist sem meðafli við veiðar á öðrum tegundum.

Það er því sjálfgefið, ef ekki verður brugðist við, að sá hópur fer stækkandi dag frá degi sem knúinn er til að binda bátana og segja upp starfsfólki. Þar með taldir þeir sem ekki hafa lokið veiðum á öðrum tegundum.

30 þúsund tonn

Stjórn LS var einhuga um hvað beri að gera í þessari stöðu.

Tillögur félagsins frá júlí sl. að hámarksafli í þorski yrði 270 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári eru ítrekaðar. Í ályktun sem samþykkt var 4. mars er sjávarútvegsráðherra hvattur til að leita allra leiða til að auka veiðiheimildir í þorski um 30 þúsund tonn.

Rúmast innan aflareglu

Viðbrögð sjávarútvegsráðherra við samþykkt LS hafa valdið mér vonbrigðum. Ég áleit að hann tæki henni fegins hendi, ekki síst vegna þess rökstuðnings að hún rúmast innan aflareglu. Tómlæti tel ég þýða að gengið sé gegn gildandi nýtingarstefnu þorsks um að veiðihlutfall skuli vera 20%. Á árabilinu (2011-2014) var það lægra og því ekki hægt að bera það fyrir sig að aflareglu sé ekki fylgt ef orðið er við tillögu LS.

» Tómlæti tel ég þýða að gengið sé gegn gildandi nýtingarstefnu þorsks um að veiðihlutfall skuli vera 20%. Á árabilinu (2011-2014) var það lægra.

Nytjastofnar sjávar 2014/2015 og aflahorfur 2015/2016

3 Töflur *Tables*

Ár *Year*	Afli *Landings*	Veiðihlutfall *Harvest rate*
2010	169	0.20
2011	172	0.18
2012	196	0.19
2013	223	0.19
2014	221	0.19

Myndin sem hér fylgir með er klippt út úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar – sem út kom í júlí 2015 – og staðreynir það sem hér hefur verið sagt um nýtinguna.

15 milljarðar

Til að lesendur geri sér grein fyrir hvað ákvörðunin um að gera ekki neitt kostar skal eftirfarandi nefnt:

- Útflutningsverðmæti 30 þúsund tonna af þorski upp úr sjó eru 15 milljarðar.
- Ríkissjóður verður af veiðigjaldi að andvirði 418 milljóna.
- Sjómenn og ríkissjóður verða af 3 milljörðum í formi launa og launatengdra gjalda.

Auk þessa eru fjölmörg önnur bein áhrif ásamt hliðaráhrifum.

Er hægt að sætta sig við óbreyttar þorskveiðiheimildir? Svar mitt er afdráttarlaust: Nei.

Hér með er skorað á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheimildir í þorski nú þegar um 30 þúsund tonn.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.